

# SAMFÉLAGSFRUMKVÖÐLAR

## NÁMSKEIÐ OG NÁMSKRÁ Í SAMFÉLAGSLEGRI SKÖPUN

Verkefnið hlaut styrk úr Fræðslusjóði árið 2021 sem nýsköpunar- og þróunarverkefni

**FRÆÐSLUAÐILI:** NORTH CONSULTING EHF.

**ÁÆTLUÐ LOK VERKEFNIS:** 31/8/2022

**FORGANGSSVIÐ:** STAFRÆN OG/EÐA GRÆN HÆFNIUPPBYGGING Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

---

### HEITI VERKEFNIS OG NAFN STYRKÞEGA

Samfélagsfrumkvöðlar - námskeið og námskrá í samfélagslegri nýsköpun. NORTH Consulting ehf.

---

### UM VERKEFNIÐ

Verkefnið mun þróa námskrá, námsefni og námsvef og tilraunakenna námskeiðis "Samfélagsfrumkvöðlar." Því er ætlað að mæta þörfum samfélags fyrir atvinnu- og nýsköpun með markvissri einstaklings- og starfshæfniuppbyggingu. Útgangspunkturinn er "hvað get ég gert?" og "hvað get ég skapað?" til gagns fyrir sjálfan mig og samfélagið sem ég bý í.

---

### MARKMIÐ VERKEFNIS

Að þróa námskrá, námsvef og tilraunakenna námskeiðið "Samfélagsfrumkvöðlar" fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar. Námskeiðinu er ætlað að ýta undir atvinnusköpun með markvissri uppbyggingu einstaklings- og starfshæfni. Horft er til þess að námskráin nýtist áfram til kennslu í framhaldsfræðslu, eða sem sjálfsnám í gegnum námsvef.

---

### HVERJIR ERU HELSTU SAMSTARFSAÐILAR?

Samstarfsaðilar verkefnis auk Einurðar eru Fræðslumiðstöð atvinnulífs (þróun námskrár), MÍMIR (aðstaða og samstarf við þróun og rýni á námskeiði) og Vinnumálastofnun (val þátttakenda).

---

### HVER ER HELSTI ÁVINNINGUR AF VERKEFNINU FYRIR MARKHÓP FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR?

Námskeiðið er hannað með það í huga að það geti í framtíð nýst fjölbreyttum hópi fullorðinna með stutta formlega menntun. Símenntunarmiðstöðvar geta boðið upp á námskeiðið í staðar- eða lotunámi fyrir ólíka markhópa fullorðinna eða veitt þátttakendum stuðning sem kjósa að fara í gegnum námskeiðið sjálfstætt í gegnum rafrænan námsvef.

---

### HVERJAR VERÐA LOKAÁFURÐIR VERKEFNISINS?

Lokaafurðir eru vottuð námskrá í framhaldsfræðslu, rafrænt námskeið sem hentar fyrir sjálfsnám, kennsluefni, myndbönd og leiðbeiningar fyrir leiðbeinendur aðlagð fyrir bæði staðar- og sjálfsnám. Ítarefni og annað opið fræðsluefni verður aðgengilegt í gegnum Moodle námsvef og á rafrænum kennsluvef.